

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 3 7 .

Einar G. E. Sæmundsen.

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1937.

---

### Skógarhögg:

---

Alls var höggvið á árinu:

Eldiviður seldur bútaður	219	hestb.
Eldviður seldur óbútaður í skógi	181	"
Reykingaviður	97	"
Kaminuviður	35	"
Efniv. til Ak. og R.vík.	30	"
Staurar til sölu og í girðingar	15	"
Eldviður á Vöglum,	75	"
Viður til kolagerðar	465	"
	<u>Samtals</u>	<u>1117 hestb.</u>

Framan af sumri var grisjað sunnan Skökkulágar, og allt suður undir Klettlæk, meðfram veginum. Svæði þetta var með öllu ógrisjað áður. Seinna var grisjað upp frá Skógarseli, þar mun hafa verið höggvið lítilsháttar áður ( fyrir mörgum árum ). Einnig var höggvið ofan við Kumblaflöt, og smávegis meðfram efri-braut. Þá var og höggvið í kringum Blómsturvellir og niður með Merkjagróf. Í sambandi við skógarhöggið var á miðju sumri tekin til notkunar vélsög til bútanar á viðnum sem seldur var bútaður í sveitina og til Akureyrar. Var sögin drifin af viðarkolabifreið, sem notuð var í skóginum allt sumarið við vegagerð og flutninga, á við og fleiru. Óhætt er að fullyrða að sögin hafi reynst mjög vel.

### Kolagerð:

Gert var til kola mest allt sumarið. Var lagt í ofninn um þrjátíu sinnum og fengust úr honum í allt rúml. 5 tonn.

Sent suður til S. R.	2.640	kg.
Selt nyrðra	67	-
Notað á viðarkolabifr.	2.500	-
	<u>Samtals</u>	<u>5.207 kg.</u>

### Græðireitur:

---

Sáð var 750 gr. af skógarfurufræi ( Pinus silvestris ) frá Målselv í Noregi ( 100 m. y. haf ) og birkifræi frá Bæjarstaðaskógi, hvortveggja kom þrýðilega upp. Einnig var sáð reynifræi frá Múlakoti. Þá var dreifplantað st. af reynivið.

### Vegagerð:

---

Bílfær vegur var gerður frá suðurbrún Skökkulágar og að Bjarkarlundi, var þessi kafli mölborinn, svo og hluti af veginum norðan við Skökkulág. Einnig borið oðan í veginn, þar sem hann liggur í slakkanum fyrir norðan efra hliðið, einnig kafli af efri brautinni inn undir Merkjagróf.

Þá var veginum heim að Vöglum breytt fyrir ofan græðireitinn, þannig að brattasta brekkan var tekin af, og vegurinn sveigður í suður en síðan beygt aftur upp á gamla veginn á hæðinni, um leið var breytt brautinni heim í gegn um túnið, var beygjan fyrir neðan fjárhúsin tekin af og vegurinn lagður beint heim. Allur þessi nýji vegur var málborinn.

Einnig voru allir aðrir vegir um skóginn lagfærðir og borið ofan í þá eftir því sem þurfa þótti.

#### Girðingar:

Sett var upp ný girðing að sunnan og allt heim undir bæ að austan ca. 2100 m. á lengd. Var gamla gaddavírgirðingin tekin öll niður, en sett virnet í staðinn með tveim gaddavírsstrengjum í yfirflúr gömlu girðingunni). Hægt var að nota flest alla strengingarstaurana gömlu, einnig steinsteypa staura, en þá varð að taka upp og færa til allflesta. Aðalstaurarnir eru galv. járnstaurar. Milli þeirra eru svo birkistaurar og birkirenglur. Milli stauranna mun vera að meðaltali um 4 m.

Sett var á sumrinu upp girðing á Hriflu í Ljósavatnshreppi um fyrirhugaðan sáðreit. Lengd hennar var um 500 m. Gerð girðingarinnar er hin sama og á Vöglumö ( Gaddavír úr gömlu girðingunni á Vöglum og birkistaurar úr Vaglaskógi ).

#### Byggingar:

Byggður var skúr á flötinni neðan við græðireitinn. Gólfflötur 3 x 7 m. Er ætlað að geyma í honum viðarkol og áhöld, kemur hann mjög í góðar þarfir, því áður var ekkert skýli til niður í skógi.

#### Sími:

Sími var lagður heim í Vagli, síðasti hluta sumars.

Einar G. E. Sæmundsen.